

Umhverfisnefndarfundur 16. nóvember 2016

Mætt eru Guðmundur Eypórsson, Birgir Ívar (2. b.), Elín Ásta (3.b.), Kristján Páll (4.b.), Haukur Mikael (5. b.), Edda María (6. b.), Dagbjört Lilja (7.b), Emma Sól (8. b.) Davíð Freyr (9.b.) og Ármann Hugi (10.b.).

- ⤴ Fundarefni á síðasta skólaári fylgt eftir og farið yfir markmið og þemað vatn, stærð matarskammta í mötuneyti nemenda, umgengni í eldri deild og vottun um umgengni í stofum í yngri deild.
- ⤴ Umhverfisfulltrúar á hverju aldurstigi yfirfara hvort bláir kassar (fyrir pappír til endurvinnslu séu í öllum kennslustofum og einnig hvort miðar eru við ljósaslökkvara í stofum og á göngum, sem minna á að slökkva ljósin.

Fundarritun: Jónína Berg

Umhverfisnefndarfundur 24. febrúar 2017

Mætt eru Guðmundur Eypórsson, Jónína Berg, Leó Birgisson (1. b.), Birgir Ívar (2. b.), Elín Ásta (3.b.), Kristján Páll (4.b.), Jökull Jens (4. b.), Haukur Mikael (5. b.), Edda María (6. b.), Jónas Bjarki Reynisson (7.b), Emma Sól (8. b.) og Ármann Hugi (10.b.).

- ⤴ Fundarefni síðasta fundar fylgt eftir.
- ⤴ Rætt um umhverfisvernd, plast, mengun, Landvernd og Grænfánaverkefnið í stóru samhengi og niðurstaðan var sú að fundurinn óskaði eftir fræðslu frá Landvernd um plast og gler, endurnýtingu á taui og hverju Rauði krossinn tekur við og hvað hann endurnýtir. En 16. mars kemur fulltrúi frá Landvernd og verður með fræðslu um umhverfismál á öllum stigum skólans og einnig fyrir starfsmenn skólans.
- ⤴ Umræður um þemað vatn og markmið sem sett voru eftir að gátlistar voru útfylltir í fyrra og rætt um ástandið á vatni í krönum á sumun svæðum innan skólans, síðan tekin sýni af vatni víðs vegar um skólann.
- ⤴ Umhverfisnefndarfulltrúar í eldri deild athuga stöðuna á flokkunarílátum og merkingum á sínu svæði.
- ⤴ Fulltrúar á miðstigi fara með það sem vantar í þeirra stofur vegna vottunar á umgengni í skólastofum þeirra.
- ⤴ Fulltrúar á yngsta stigi fara með það sem vantar í þeirra stofur vegna vottunar á umgengni í skólastofum þeirra.

Fundarritun: Jónína Berg

Umhverfisnefndarfundur 28. apríl 2017

Mætt eru Guðmundur Eyþórsson, Jónína Berg, Valdís Björk (1. b.), Birgir Ívar (2. b.), Elín Ásta (3.b.), Kristján Páll (4. b.), Sara Sól (5. b.), Haukur Mikael (5. b.), Edda María (6. b.), Emma Sól (8. b.) og Davíð Freyr (9. b.).

- ⤴ Fundarefni síðasta fundar fylgt eftir.
- ⤴ Umhverfisstefnan og Umhverfissáttmálinn lagt fram og kynnt. Nemendur gerðu myndskreytingar við Umhverfissáttmálann sem svo voru hengdir upp í öllum inngöngum skólans og hjálpuðust að við að fara með eintök af Umhverfissáttmálann í allar bekkjarstofur og kynna hann.
- ⤴ Sýni af vatni sem tekin voru á síðasta fundi úr krönum á ýmsum stöðum í skólanum voru rannsökuð, myndir teknar og samið erindi með beiðni um hreint og drykkjarhæft vatn í skólanum sem fulltrúar komu svo áleiðis til skólastjórnenda.

Fundarritun: Jónína Berg